

GAVEBÆV og FUNDATS paa Gaarden Ytra-Vallholt som
Kristfæ. Skalholt 20. Juli 1693.

Góðum og guðhræddum lesendum og heyrendum þessa bréfs óska eg, Þórður Þorláksson, Superintendens Skálholts stiftis, guðs náðar og miskunar, með tímanlægum og eilífum friði fyrir vörn drottinn Jesum Christum : Hér með kunnugt gjörandi, að eg hefi í guðs nafni og góðri meiningu tileinkað og gefið fátækum guðs þurfamönnum, einkum munaðarlausum ekkjum og föðurlausum börnum í Hegraness þingi til ágóða og viðhjálpar, mína eignarjörð Ytra-Vallholt í Skagafirði, eftir því sem mitt testamentisbréf, daterað Skálholti þann 30. Junii Anno 1690 og auglýst á alþingi í lögréttu þann 10. júlí sama árs, útvísar, hvers bréfs póstur og innihald um sagt efni svo er hljóðandi orð fyrir orð sem eftir fylgir : " Sanctæ Mariæ kirkju að Hólum í Hjaltadal, hvar eg er borinn og barnfæddur, gef eg jörðina Ytra-Vallholt, xl hundruð að dýrleika, með vl kúgildum, hverja jörð mér fékk og gaf mín elskulega fósturmóðir, Halldóra Pétursdóttir, í próventu með samþykki og ráði síns fróma og góða ektamanns, Hallgríms Guðmundssonar. Jörð sú er í Skagafirði, Hegraness þingi og Holts kirkjusókn. Skal jörðin, með kúgildunum og öllu því sem henni með réttu tilheyrir, vera æfinlegt kristsfé héðan í frá. En það skil eg til, að fátækar, munaðarlausar ekkjur og föðurlaus börn, sem helst eru þurfandi í Norðlendinga fjórðungi, einkum Hegraness þingi, hafi not af jörðinni. Biskup á Hólum sjái fyrir jörðinni og hennar afgjaldi sem best hentar, og fátækum guðs þurfamönnum má best haga &c."

En með því aldurðómur minn og veikindi áminna mig, þessa litlu gjöf án undandráttar úti að láta, meðan guð mig af náð sinni líður við þetta skammvinna og fallvalta líf, þá tilsegi eg nú og afhendi fyrgreinda jörð Ytra-Vallholt eðla og veleruverðugum herra, herra Einari Þorsteinssyni, biskupi Hóla stiptis, til fullkomlegrar meðtöku að næstkomandi fardögum anno 1694, undir hans vernd og umsjón: alúðlega óskandi, að hans herradómur og hans eftirkomendur, biskupar á Hólum, vildu guðs vegna svo hagtæra láta svo þessu litla tillagi, fátækum til nota, sem best má fara, og minn einfaldur og góður ásetningur er og verið hefir í þessu efni, fyrir utan alla hégómlega fordild og hræsni. Almáttugur guð uppfylli alla vora nauðpurft eftir sínum dýrðar ríkdómi í Christó Jesu. Minn elskulegan bróður Guðbrand Thorlaksson bið eg oftgreinda jörð Ytra-Vallholt velnefndum herra biskupinum eður hans umboðsmanni að afhenda í eftirkomandi árs fardögum 1694, og hið besta til sjá, að jörðin, með öllu því henni tilheyrir í húsnum og innstaðu, verði vel og ríflega af höndum látin, hvar til eg hans bróðurlegum kærleika og góðri tilhlutan fulltreysti. Þessu öllu áðurteðu til staðfestu og sannindamerkis skrifa eg mitt nafn með eigin

hendi, og læt þrykkja mínu eiginlega zigneti hér að neðan
í erlegra manna viðurvist, sem sín nöfn ásamt mér hér undir
setja. Actum Skálholti anno 1693, þann 20. julii, hver dag-
ur mánaðarins tileinkaður er í rími voru hinum heilaga Þor-
láki Þórhallasyni, Skálholts biskupi, qui floruit seculo xli.
post natum mundi salvatorem.

Þórður Þorláksson. Þorlákur Grímsson m. e. h.

Sæmundur Jónsson m. e. h.

Udenpaa: Skikkunarbréf herra biskupsins M. Þórðar
Þorlákssonar um jörðina Ytra-Vallholt í Skagafirði 1693.